

Bæjarráð Mosfellsbæar

Mosfellsbæ 27.05.24

Þverholti 2

Mosfellsbæ

Erindi:

### **Ósk um endurgjaldslaus afnot af Tungubökkum fyrir fjölskylduhátíð fyrir Palestínsk flóttafólk.**

Eftir að hafa tekið fylgdarlaust Palestínsk flóttabarn í fóstur fyrir ári síðan hefur undirrituð með ýmsum hætti tekið virkan þátt í aðstoð við Palestínsk flóttafólk sem hefur komið til landsins síðustu mánuði. Ekki þarf að fjölyrða um stöðu þessa fólks komandi nánast allslaus til landsins ný sloppin undan þjóðarmorði. Þau eru í þörf fyrir aðstoð almennings og eru mjög þakklát fyrir alla aðstoð sem þau fá.

Á dögnum kviknaði sú hugmynd að bjóða þeim að koma saman þar sem vel lægi við að fólk kæmi saman, grillaði og gerði sér glaðan dag saman. Tungubakkar eru þá einstaklega heppilegur staður þar sem undirrituð fer með umsjón með staðnum 12. sumarið í röð.

Annar partur af hugmyndinni var að reyna að leggja eitthvað til við að snúa við neikvæðri umfjöllun um flóttafólk almennt. Þetta er bara fjölskyldufólk eins og ég sjálf og þráir ekkert meira en öruggt líf með fjölskyldunni sinni. Það væri því bónus við að fá afnot af Tungubökkum fyrir fólk til að koma saman og leika sér að Mosfellsbær myndi með einhverjum hætti gefa það út að fólk væri velkomið á þessa fjölskyldustund. Ekki verra ef fulltrúar Mosfellsbæjar heiðruðu fólk hluta dagsins með nærveru sinni.

Fyrsta hugmynd að dagsetningu er annanhvorn daginn 15. eða 16. Júní. Það liggur vel við af því Liverpool skólanu lýkur 14. Júní svo hægt væri að láta tjaldið standa uppi lengur ef lítur út fyrir rigningu. En sæki um helgina 22. eða 23. Júní til vara.

Einungis er sótt um leyfi til að hafa afnot af staðnum, enginn kostnaður ætti að fylgja. Ég myndi sjálf koma grillum á staðinn, svo fengi fólk bara aðgang að salernum og rennandi vatni sem og auðvitað grasinu til að leika sér. Nægt magn af borðum og bekkjum er á staðnum.

Að sjálfsögðu yrði ég ábyrgðaraðili fyrir samkomunni.

Bestu kveðjur og þakkir

Hanna Sírn. – sjálfboðaliði /fósturmóðir